



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 13/2006

**Kvörtun Emmessíss hf. yfir notkun Kjöríss ehf. á heitinu
„Ís ársins“ og umbúðum vörunnar**

I.

Erindið

Með bréfi dags. 20. febrúar 2006 kvartar Erla S. Árnadóttir hrl., f.h. Emmessíss hf., yfir meintum óréttmætum viðskiptaháttum Kjöríss ehf.

Í erindinu segir að Kjörís hafi nýlega hafið sölu á ís er beri heitið „Ís ársins“. Á umbúðum vörunnar sé að finna heitið „Ís ársins“ ásamt mynd af kringlóttu merki með áletruninni „Ís ársins 2005 (sic)“ og áföstum borða líkt og um viðurkenningarmerki sé að ræða.

Að mati kvartanda geti tvennt falist í skilaboðunum. Með heitinu „Ís ársins“ er annars vegar gefið til kynna að þessi tiltekna bragðtegund hafi unnið til einhvers konar viðurkenningar eða að neytendur hafi kosið vöruna umfram aðrar staðgönguvörur. Hins vegar gefi heitið til kynna að ís frá Kjörís hafi almennt hlotið viðurkenningu og þar með verið borin saman við staðgönguvörur annarra framleiðenda. Kvartandi telji að val Kjöríss á heiti vörunnar og notkun umbúða er sýni tilbúið gæðamerki feli í sér óréttmæta viðskiptahætti í skilningi 5. gr. laga nr. 5/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins. Með háttsemi sinni gefi fyrirtækið til kynna að varan hafi unnið til verðlauna eða viðurkenninga án þess að slíkt eigi sér stöð í raunveruleikanum. Sé það til þess fallið að blekkja neytendur og hvetji þá til að kaupa vöruna á fölskum forsendum. Háttsemin sé sérlega ámælisverð þar sem um sé að ræða umbúðir vörunnar. Þá sé um nýja vöru að ræða og því ekki mögulegt að hún hafi fengið viðurkenningu.

Á árinu 2005 hafi Kjörís viðhaft álíka viðskiptahætti með merkingu á nýrri vöru. Þá hafi myndin af viðurkenningarmerkinu ekki haft að geyma borða eins og nú. Borðinn gefi myndinni ótvírætt aukið vægi og undirstriki hina röngu fullyrðingu um viðurkenningu.

Sé þess krafist með vísan til ákvæða 2. mgr. 16. gr. laga um óréttmæta viðskiptahætti að Kjörís verði gert að breyta heiti framangreindrar vöru.



II. Málsmeðferð

1.

Erindið var sent Kjörís til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 24. febrúar 2006. Svar fyrirtækisins er dags. 3. mars 2006.

Þar segir að „Ís ársins 2005“ hafi verið tekinn af markaði í desember 2005 en „Ís ársins 2006“ hafi komið á markað í febrúar sl. Fyrirtækið hafni því að merkingin gefi til kynna að tiltekin bragðtegund hafi unnið til einhvers konar viðurkenningar eða að neytendur hafi kosið hana umfram aðrar staðgönguvörur. Verið sé að vísa til þess að ísinn verði á markaði í takmarkaðan tíma þ.e. út árið 2006. Sé því ísinn fyrir Kjörís, „Ís ársins 2006“. Hvorki komi fram á umbúðum eða í auglýsingum fyrirtækisins að „Ís ársins 2006“ hafi unnið til viðurkenningar né að neytendur hafi kosið vöruna umfram aðrar staðgönguvörur. Margir erlendir framleiðendur hafi farið þessa leið. Sem dæmi megi nefna „Eis des Jahres“ og „Winter ice cream of the year“. Framleiðendur þessara vara séu stærstu ísframleiðendur í heimi. Því telji Kjörís að til staðar sé auðsýnt fordæmi fyrir sambærilegum merkingum á EES svæðinu.

Kjörís mótmæli jafnframt að merkið fái aukið vægi við það að bera borða. Fjölmargar umbúðir vara séu hannaðar í þeim tilgangi að gefa þeim aukna ímynd gæða. Séu þær gjarnan settar í búning sem hafi tilvísun í viðurkenningu. Sem dæmi megi nefna auk borða, gyllingu í lettri, gull og silfurbrýddingar, kransa og sveiga. Borðinn á umbúðum Kjöríss sé einungis hluti af hönnun umbúða. Þá sé „Ís ársins“ ekki síst til þess fallinn að auka íssölu yfir vetrarmánuðina enda varan markaðssett í janúar. Slíkt komi öllum ísframleiðendum til góða.

2.

Bréf Kjöríss var sent lögmanni Emmessíss með bréfi Neytendastofu, dags. 8. mars 2006. Svar lögmannsins er dags. 14. mars 2006. Þar segir að á umbúðum þeirra erlendu ístegunda sem Kjörís vísi til sé ekki að finna heitin „Eis des Jahres“ og „Ice cream of the year“. Aftur á móti tilgreini hinir erlendu framleiðendur við markaðssetningu vörunnar að þeir hafi sett á markaðinn nýja bragðtegund af ís sem verði boðin í tiltekinn tíma. Merki og heiti Kjöríss þjóni hins vegar allt öðrum tilgangi. Hið kringlótt merki og viðurkenningarborðinn séu ótvírætt til þess fallin að vekja þá hugmynd að varan eða fyrirtækið hafi hlotið verðlaun eða viðurkenningu. Hafi tilgangurinn verið sá að gefa til kynna að ísinn sé fyrir Kjörís „Ís ársins 2006“ ætti áletrunin að bera það með sér.



Hjá Kjörís ríki sá misskilningur að Emmessís hafi samþykkt merki það sem hafi verið notað á umbúðunum á árinu 2005 eða telji það vera innan marka laganna. Engu máli skipti þó ekki hafi verið kvartað við yfirvöld.

Þá sé rétt að hafa í huga auk þess að hér sé um brot á ákvæðum 5. gr. laga um óréttmæta viðskiptahætti þá brjóti sala vörunnar undir umræddu merki gegn ákvæðum 6. gr. laganna þar sem umbúðirnar feli í sér rangar og villandi upplýsingar sem augljóslega séu til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn eftir vörunni. Þá sé notkun merkisins ósanngjörn gagnvart Emmessís sem selji sambærilegar vörur.

3.

Bréf lögmanns Emmessíss var sent Kjörís til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 16. mars 2006. Svar Kjöríss er dags. 25. mars 2006. Í bréfinu segir að eins og hjá framangreindum erlendum ísframleiðendum þá sé tilgangur nafngiftar Kjöríss að kynna vöru sem sé seld tímabundið sem sé eitt ár í tilviki fyrirtækisins. Tekið sé fram að nafngiftin „Eis des Jahres“ hafi komið fram á umbúðum en Kjörís hafi þær ekki undir höndum.

Emmessís hafi ekki talið ástæðu til kvörtunar yfir umbúðum Kjöríss á árinu 2005. Hins vegar sjá fyrirtækið ástæðu til kvörtunar á árinu 2006 þegar borði var hluti umbúðanna. Sé það því mat Kjöríss að ekki sé verið að kvarta yfir nafngiftinni „Ís ársins“. Hljóti efnisleg umfjöllun því að fjalla um borða þann sem nú sé á umbúðunum. Þá er ítrekað að Kjörís hafi aldrei haldið því fram að varan „Ís ársins“ sé á einhvern hátt betri að gæðum en aðrar vörur.

Kjörís hafni alfarið því að um ólöglegt athæfi sé að ræða þar sem fyrirtækið sé að feta í fótspor tveggja stærstu ísframleiðenda í heimi. Væri það undarlegt ef minni fyrirtækjum væri bannað að nota sambærilega markaðssetningu á sama markaðssvæði (EES). Þá telji fyrirtæki að á engan hátt sé verið að villa um fyrir neytendum og að borði geti á engan hátt verið sú viðbót við hönnun umbúða sem geri vöru ólöglega.

4.

Með bréfi Neytendastofu til málsaðila, dags. 28. júlí 2006, var málsaðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið í málinu.

III.

Niðurstaða

1.

Í erindi Emmessíss er kvartað yfir heitinu „Ís ársins“ sem Kjörís notar á ís sem fyrirtækið framleiðir og selur. Jafnframt er kvartað yfir því að á umbúðum vörunnar



sé að finna heitið ásamt mynd af kringlóttu verðlaunamerki og borða sem að mati kvartanda gefur í skyn einhvers konar viðurkenningu á vörunni eða að neytendur hafi kosið vöruna fram yfir aðrar staðgönguvörur. Að mati kvartanda brýtur háttsemi Kjöríss í bága við ákvæði 5. og 6. gr. laga um óréttmæta viðskiptahætti.

Kjörís heldur því fram að heitið og merki vörunnar vísi til þess að varan verði á markaði í takmarkaðan tíma. Ís ársins 2006 vísi til þess að ísinn verði á boðstólum árið 2006. Þá er því hafnað að borði á umbúðum vörunnar gefi henni aukið vægi. Borðinn sé hluti hönnunar umbúða. Með markaðssetningunni sé Kjörís að feta í fótisportveggja stærstu ísframleiðenda í heimi. Kjörís hafnar því að heiti vörunnar og merki gefi til kynna viðurkenningu á vörunni eða að neytendur hafi kosið hana fram yfir aðrar staðgönguvörur. Markaðsetningin sé því ekki brot á ákvæðum 5. og 6. gr. laga um óréttmæta viðskiptahætti.

2.

Í máli þessu vísar lögmaður Emmessíss til ákvæða 5. og 6. gr. laga um óréttmæta viðskiptahætti.

5. gr. laganna snýr að góðum viðskiptaháttum. Þar er kveðið á um að óheimilt sé að hafast nokkuð það að sem brjóti í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi. Ákvæðið er almenn vísiregla að því er varðar viðskiptasiðferði og er ætlað að stuðla að góðum síðum í viðskiptum. Í 6. gr. laganna er með almennum hætti fjallað um að í auglýsingum eða með öðrum hætti megi ekki veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar enda séu upplýsingarnar til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn vörunnar. Þá skulu auglýsingar ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum.

Að mati Neytendastofu hefur heitið „Ís ársins“ beina skírskotun til þess að um vöru sé að ræða sem hlotið hafi viðurkenningu umfram aðrar staðgönguvörur. Neytendastofa telur þá skýringu langsótt að heitið vísi til þess að varan eigi að vera á markaði í takmarkaðan tíma eða að varan sé ís ársins fyrir Kjörís enda kemur það hvergi fram á umbúðunum. Þá telur Neytendastofa að mynd af kringlóttu merki sem líkist verðlaunamerki með áföstum borða benda eindregið til að tilgangur framleiðanda sé sá að skapa þá ímynd hjá neytendum að varan hafi hlotið viðurkenningu. Þá fær Neytendastofa ekki séð af í gögnum málsins að með heitinu og útliti umbúðanna sé Kjörís að beita samskonar markaðssetningu og erlendir ísframleiðendur. Neytendastofa sér ekki rök fyrir þeirri fullyrðingu Kjöríss að þar sem varan sé markaðssett í janúarmánuði verði það til þess að íssala almennt aukist yfir vetrarmánuðina enda engin gögn lögð fram í máli þessu því til staðfestingar. Þá getur Neytendastofa ekki fallist á að þó svo að Emmessís hafi ekki kvartað yfir umbúðum „Íss ársins 2005“ á því ári til stjórnvalda feli í sér að ekki sé verið að kvarta yfir heitinu „Ís ársins“ heldur einungis yfir borða sem sé á umbúðum „Íss ársins 2006“.



Þvert á móti bera gögn málsins með sér að Emmessís sé að kvarta bæði yfir heitinu og merkinu í heild sinni eins og það birtist á umbúðunum.

Að mati Neytendastofu hefur Kjörís með notkun á heitinu „Ís ársins“ í markaðssetningu brotið gegn góðum viðskiptaháttum og veitt rangar og villandi upplýsingar á umbúðum. Jafnframt er markaðssetningin ósanngjörn gagnvart keppinautum. Kjörís hefur því með markaðsetningu sinni á ísi með heitinu „Ís ársins“ og merkingu umbúða utan um ísinn brotið gegn ákvæðum 5. og 6. gr. laga um óréttmæta viðskiptahætti.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Kjörís ehf., Austurmörk 15, Hveragerði, hefur með notkun heitisins „Ís ársins“ og merkingu umbúða utan um vöruna brotið gegn ákvæðum 5. og 6. gr. laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins nr. 57/2005.

Með vísan til 2. mgr. 16. gr. sömu laga bannar Neytendastofa Kjörís ehf. alla frekari notkun heitisins „Ís ársins“.

Verði ekki farið að banninu mun Neytendastofa beita viðurlögum 22. gr. laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.“

Neytendastofa, 1. nóvember 2006